



## **Töfrahlutir í svörtum silkipoka og gullduft**

Silfurlykill, tveir svartir steinar, ljósgulur silkivasaklútur með blúndukanti og beygluð áldós með gulldufti.

Í þjóðsögunum má finna frásagnir af hlutum sem álfar gáfu mannfólki. Þar á meðal er fatnaður, gull og fallegir munir. Í sögunni ÓGN, eru nokkrir töfrahlutir úr álfheimum sem Svandís fær sér til aðstoðar inni í álfheimum. Töfrahlutirnir finnast í svörtum silkipoka, allir nema gullduftið sem finnst seinna. Drífa álfadrottning gaf ömmu silkipokann þegar þær voru litlar stelpur.

### **Silkivasaklúturinn**

Frá silkiklútnum stafar daufri birtu og hægt er að nýta klútinn til að lýsa upp líkt og vasaljós.

### **Gullduftið**

Svandís og Lára þurfa að finna álbox með gulldufti sem var falið í gömlu kistunni. Gullduftið hjálpar Svandísi að velja réttu leiðina í dimmum göngum álfheima. Þegar hún sáldrar gullduftinu lýsir það upp réttu leiðin. Einnig notar hún það til að stækka útskot í göngunum svo þau krakkarnir komist í felur.

### **Silfurlykillinn**

Litli silfurlykillinn er einstakur, allur útflúraður einhverju mynstri. Hann er á stærð við þumalfingur. Svandís og Lára hreinsa svertuna af honum og þá kemur mynstrið betur í ljós sem er runa af bókstöfum.

### **Dulmálið á silfurlyklinum**

**bls. 104 - 107**

Lára og Svandís þurfa að ráða dulmálið sem er á silfurlyklinum. Bókstafarunan gæti litið svona út:

„remluglsradlsákpomtsðótetlktafévmjólksknösgurprábmkoahpuhpfadkoeaídsrvsunar“

Þegar Svandís og Lára sýna ömmu bókstafarununa man hún eftir fyrirmælum frá Drífu um að strika fyrst 3. stafinn út. Telja síðan áfram og strika 5. stafinn út og telja áfram og strika 7.

stafinn út. Þetta er gert út alla rununa. Síðan þarf að raða stöfunum upp á nýtt innan hvers orðs. Þá stendur eftir:

„er gull sáldrar op stóð kletta vé ljós söngur ár koma upphaf ok dísar svanur.“

Reyndar þarf síðasta r-ið að standa til að mynda orðið dísar. Enda segir í leiðbeiningunum að endinn skuli skoða.

### Orðskýringar:

*Sáldra* merkir að dreifa.

*Vé* getur þýtt bústaður eða helgidómur.

*Ok* getur þýtt byrði eða þungi.

*Ár koma og upphaf* tengist áramótum.

*Dísar-svanur* er Svandís.

Til að ráða í dulmálið er leiðin ekki sú að raða orðunum upp á nýtt í setningar. Hvert orð táknar einhverja hugsun líkt og að orðin séu tákn eða mynd og saman móti þau skilaboð. Svólítið líkt og myndmál í gamla daga.

Lausn: Svandís tekur að sér stórt verkefni sem tengist bústað í klettum. Verkefnið fer fram um áramót. Það þarf að sáldra gulli og verkefninu tengist bæði ljós og söngur.

Svandís kemst að því að í verkefninu felst að fara inn í álfheima, finna Brján og koma honum heim.

**Hrafnsteinar:** Svörtu steinarnir tveir eru hrafnsteinar en frá þeim segir í þjóðsögum. Hér er að finna stytta útgáfu af frásögn um hrafnsteina úr þjóðsagnasafni Sigfúsar Sigfússonar, Íslenskar þjóðsögur og sagnir, IV. bindi bls. 243 - 247.

### **Um hrafnsteina**

Krummi er óefað einhver vitrastur fugla hér á landi þótt hann þyki allþrælskur, hrekkjóttur og þjófgefinn sem náttúra hans heimtir að sumu leyti. Hann þekkir menn að, einnig þekkir hann byssu frá öðru verkfæri. Hann þykir hafa til þakklátssemi fyrir það sem honum er gott gert. Mjög hefir hann margbreytilegt eðlisfar, ljóðum og tilburðum breytir hann á margvíslegan hátt skýrt og greinilega. ... Löngum verpir krummi þar sem illfært er aðkomu svo erfitt er að steypa undan honum. Er hann um það skeið ærið skæður á öllum hömluðum skepnum og unglömbum. Menn reyna þá löngum að steypa undan honum (skemman egginn). En aldrei má

neinn gera það nema sá einn er krummi hefir þegar áður gert skaða, öðrum verður það að óhamingju enda hefir svo jafnan þótt sem það væri mesta ólánsmerki að steypa undan þeim að ósekju því, guð borgar fyrir hrafninn, segir gamalt máltæki. Menn hafa reynt að sjóða egg hans þegar þeim hefir orðið náð og hafa svo látið þau aftur í hreiðrið. Hafa menn trúað því að þá flygi krummi út yfir hafið og sækti stein er fæst í ey nokkurri í Rauðahafi og léti hjá eggjunum en hann gerir þau aftur hrá og ungast þau svo út. Steinn þessi er að fleiru merkilegur. Sé hann hafður í hring og undir lárberjatréslaufblaði þá þarf eigi nema að hreyfa við fangahlekkjum eða lásnum því hvorttveggja lýkst þegar upp. Hafi einhver þennan stein uppi í sér þá skilur hann allra fugla kvak.